



Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar 17. fundur, 10. júní 2008.

Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar hélt 17. fund sinn þriðjudaginn 10. júní 2008, kl. 8:00 að bæjarskrifstofu, Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Héðinn Sigurðsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Málefni:

1. Yfirferð minnispunkta frá hönnunarfundi 29.5.08.
2. Samþykkt bæjarstjórnar um byggingu laugar.
3. Næstu skref.

Afgreiðslur:

1. Farið var yfir minnispunkta frá hönnunarfundi. Stefán kynnti punktana og fór yfir forsendur sem fram komu. Einnig var lögð fram teikning frá Raftákni.
2. Bæjarstjórn samþykkti að byggja sundlaugina og að skóflustunga yrði tekin á Húnavöku 11-13 júlí nk. Nefndinni var falið að bjóða út verkið.
3. Hönnunarfundur verður á Akureyri í dag og mæta Stefán og Ágúst á fundinn. Rarik er að skoða að koma fyrir spennistöð við enda nýbyggingarinnar sem er norðanmegin. Samþykkt að óska eftir umsögn Vinnueftirlits og Heilbrigðiseftirlits á fyrirbyggjandi teikningum. Samþykkt að óska eftir útfærslum á rennibrautum fyrir næsta fund frá tveimur aðilum.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 10.00.

Héðinn Sigurðsson
Stefán Árnason, byggingafulltrúi
Guðmundur Haraldsson, umsjónarmaður íþróttamiðstöðvar

Ágúst Þór Bragason